

## AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfis fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir fiskeldisstöð Salar Islandica í Berufirði, kt. 550500-3370. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 31. ágúst 2007.

Reykjavík, 10. janúar 2001.

Hollustuvernd ríkisins,

**Davíð Egilson** forstjóri.

---

*Helgi Jensson forstöðumaður  
mengunarvarnasviðs.*

## SKIPULAGSSKRÁ

**Vísindasjóðs Gigtarfélags Íslands.**

1. gr.

Sjóðurinn heitir Vísindasjóður Gigtarfélags Íslands. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Höfuðstóll sjóðsins var upphaflega gjöf frá Tryggingu hf. kr. 250.000 og það fé sem safnast hafði með sérstöku átaki tengdu Norrænu gigtarári 1992 kr. 2.007.249. Sjóðurinn nam kr. 4.565.811 hinn 1. janúar 1999.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla rannsóknir og þróun vísinda innan gigtstjúkdómafræðinnar.

4. gr.

Vísindaráð Gigtarfélags Íslands fer með stjórn sjóðsins. Ráðið fer með málefni sjóðsins og tekur ákvörðun um úthlutun. Umsóknir skulu studdar greinargerð um markmið og framkvæmd verkefni og tekur ráðið ákvörðun um afgreiðslu þeirra. Ráðið skal halda sérstaka gerðarbók um alla starfsemi sjóðsins.

5. gr.

Árlega úthlutar stjórn sjóðsins styrkjum að undangenginni auglýsingu. Stjórn sjóðsins er þó heimilt að fella niður úthlutun að hluta eða öllu leyti, enda sé sú ákvörðun rökstudd í gerðarbók sjóðsins.

6. gr.

Höfuðstóll sjóðsins er stofnframlag og aðrar tekjur eins og þær eru bókfærðar í árslok hverju sinni. Stjórninni er skylt að ávaxta fjármuni sjóðsins á sem hagkvæmastan hátt. Ekki má skerða höfuðstólinn við úthlutun styrkja það mikið að ekki standi ávallt eftir að minnsta kosti kr. 2.500.000 og að sú fjárhæð haldi ávallt verðgildi sínu á hverjum tíma.